

Sorpsamlag Þingeyinga
Sigurður R. Ragnarsson
Ketilsbraut 22
640 HÚSAVÍK

2004110059
6150; 9310

Reykjavík, 28. janúar 2005
/--

Efni: Förgunarstöð úrgangs fyrir sorpsamlag Þingeyinga ehf. Húsavík. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Sorpsamlags Þingeyinga ehf. að matsáætlun um förgunarstöð úrgangs fyrir sorpsamlag Þingeyinga. Húsavík.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Sorpsamlags Þingeyinga ehf. dags. 23. desember 2004 til lлага fyrirtækisins að matsáætlun:

Sorpsamlag Þingeyinga ehf. Móttöku- og flokkunarstöð úrgangs fyrir sorpsamlag Þingeyinga með brennslu - og orkunýtingarkerfi. Íslensk Umhverfistækni ehf. Desember 2004.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Húsavíkurbæ, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Húsavíkurbæ með bréfi dags. 13. janúar 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 11. janúar 2005, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 6. janúar 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. janúar 2005. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 18. janúar 2005.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Sorpsamlags Þingeyinga ehf. að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Sorpsamlags Þingeyinga ehf. dags. 18. janúar 2005

og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 1.3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirhugaða starfsemi.

Í matsskýrslu þarf að tilgreina fjarlægð móttökusvæðis og brennslustöðvar frá svæðum þar sem fólk heldur sig, hvort sem um er að ræða íbúðarsvæði, útivistarsvæði eða önnur svæði. Jafnframt þarf að gera grein fyrir núverandi og fyrirhugaðri starfsemi í nágrenninu.

Í matsskýrslu þarf að koma fram hvernig staðið verði að meðhöndlun sorps og annars úrgangs, þ.e. hvaða hluti starfseminnar verði utan- og hvaða hluti innanhúss. Gera þarf grein fyrir tegundum úrgangs sem tekið verður á móti, þar á meðal sóttmenguðum úrgangi og sláturúrgangi og hvernig að henni verður staðið. Koma þarf fram hvernig lóð verður afmörkuð og umferð óviðkomandi stjórnað. Gera þarf grein fyrir hvernig komið verði í veg fyrir fok úrgangs og að lykt valdi ekki óþægindum.

Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar sem lýsa brennslubúnaði og hvernig hann uppfyllir þau skilyrði sem til hans eru gerð. Gera þarf grein fyrir varmaorku frá brennslu- og orkunýtingarkerfinu og hvort sú staða geti komið upp að varmaorkan nýtist ekki að fullu í orkuveri Orkuveitu Húsavíkur og ef svo er, hvað gert verði við umframorku. Gera þarf grein fyrir meðferð á flugösku og leir ef notaður verður vothreinsibúnaður. Gera þarf grein fyrir förgun ösku fram að því að niðurstöður prófunar liggja fyrir, sbr. 1. lið gr. 2.1 í viðauka II með reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um núverandi urðunarstað, hvaða rými er þar til staðar og hvað þar má urða skv. starfsleyfi. Skipulagsstofnun telur æskilegt að í matsskýrslu verði einnig fjallað um framtíðar urðunarstað, sbr. umsögn Húsavíkurbæjar og ef sú staða kemur upp að förgun ösku verði ekki heimil á núverandi urðunarstað.

Í köflum 1.4 og 1.6 í tillögu að matsáætlun er fjallað um afköst móttökustöðvarinnar.

Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um heildarfbúafjölda í viðkomandi sveitarfélögum og spá um íbúapróun og möguleg áhrif af þróun í atvinnustarfsemi. Einnig verði, sbr. umsögn Umhverfisstofnunar, gerð grein fyrir hugsanlegri stækkun stöðvarinnar t.d. sem öðrum áfanga og áhrifum þess á umhverfið t.d. hvað varðar útblástur.

Framkvæmdasvæði

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um framkvæmdasvæðið.

Mannvirki . Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um líklega stærð, hæð og flatarmál, mannvirkja. Í matsskýrslu þarf auk uppdráttar af fyrirhugaðri staðsetningu framkvæmdar og mögulegum staðarvalkostum að vera uppdráttur af líklegu áhrifasvæði framkvæmdarinnar t.d. hvað varðar loftmengun skv. dreifingarspá.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum.

Í kafla 4.6 í tillögu að matsáætlun er áætlun um hvaða áhrifaþætti verði fjallað um í matsskýrslu.

Fornleifar . Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um skráðar fornleifar og fornleifar sem hugsanlega kunna að koma í ljós við mat á umhverfisáhrifum förgunarstöðvarinnar. Fornleifarnar þarf að staðsetja á korti/loftmynd ásamt áhrifasvæði fyrirhugaðrar framkvæmdar. Gera þarf grein fyrir niðurstöðu mats fornleifafræðings á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar og setja fram tillögur um mótvægisáðgerðir þar sem það á við.

Jörð, vatn, gróður og dýralíf . Í kafla 4.5 í tillögu að matsáætlun er vísað til athugana sem gerðar hafa verið á náttúrufari, vatnafari og votlendi. Í matsskýrslu þarf að koma fram í hverju þessar athuganir fólust, hvert rannsóknarsvæðið var, hvernig staðið var að rannsóknum og hver niðurstaða þeirra var. Bent er á að hafa samráð við Umhverfisstofnun, í ljósi þess sem fram kemur í umsögn stofnunarinnar, um nákvæmni þessara gagna og hvernig framsetning er heppilegust.

Sjónræn áhrif . Í matsskýrslu þarf að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum, t.d. með ljósmyndum af sambærilegum mannvirkjum sem felld eru inn í umhverfið. Einnig þarf að gera grein fyrir búnaði á lóð, t.d. gámum og mögulegum mótvægisáðgerðum til að draga úr sjónrænum áhrifum.

Hávaði . Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um hávaða frá starfsemi. Gera þarf grein fyrir hávaða frá skorsteinsblásara hreinsibúnaðar, hver hann verði í desibelum á lóðarmörkum og við næstu íbúðar- eða frístundahús.

Fráveita . Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um affallsvatn. Gera þarf grein fyrir hvernig allri fráveitu frá stöðinni verður hagað, þar með athafnasvæði utandyra og hugsanlegri vöktun á affallsvatni, í samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra.

Samráð . Í matsskýrslu þurfa að koma fram upplýsingar um samráð í matsferlinu og niðurstöður þess.

Skipulag og leyfi.

Í kafla 3.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um samræmi framkvæmdarinnar við skipulag. Í matsskýrslu þarf að koma fram samræmi einstakra kost a við skipulag og hvaða skipulagsbreytinga kann að vera þörf á fyrir einstaka staðsetningakosti.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit: Húsavíkurbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.

